



Heims um ból
(Sveinbjörn Egilsson/Franz Gruber)

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mæ'r son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
:/: meinvill í myrkrunum lá :/:

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:/: konungur lífs vors og ljóss :/:

Heyra má himnum í frá
englasöng: Allelújá.
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:/: samastað syninum hjá :/:





*Aðventuhátíð Bergmáls
í Háteigskirkju
kl. 15:00, 8. des. 2024*



Valdimar Briem W.A. Mozart - Sb. 1886

Í DAG er glatt í döprum hjörtum,
því Drottins ljóma jól.

Í niðamyrkrum nætur svörtum
upp náðar rennur sól.

Er vetrar geisar stormur stríður,
þá stendur hjá oss friðarengill blíður,
og þegar ljósið dagsins dvín,
oss Drottins birta kringum skín.
Oss Drottins birta kringum skín.

Ó, dýrð sé þér í hæstum hæðum,
er hingað komst á jörð.

Á meðan lifir líf í æðum,
þig lofar öll þín hjörð.

Á meðan tungan má sig hræra,
á meðan hjartað nokkuð kann sig bæra,
hvert andartak, hvert æðarslag
Guðs engla syngi dýrðarlag.
Guðs engla syngi dýrðarlag.



- # *Heilsun, Össur Stefánsson*
- # *Samsöngur, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“*
- # *Jólaguðspjall, Guðmundur Þórhallsson*

- # *Vox Gospel kór gleður okkur með söng.
Stjórnandi Matthías V. Baldvinsson*

- # *Fanný Lía Hevesi syngur :
Ave María e. Lorenc og Ave María e. Sigvalda Kaldalóns
Antonía Hevesi leikur á píanó með dóttur sinni.*

- # *Hugvekja: Herborg Pálsdóttir frá Selfossi vekur hjá
okkur frið og hugarró í aðdraganda jóla*

- # *Valgerður Guðnadóttir og Agnar Már Magnússon færa
okkur sprúðlandi jazz í söng og píanóleik*

- # *Lokaorð, Kolbrún Karlsdóttir*
- # *Bæn, sr. Gunnar Rúnar Matthíasson*
- # *Sungið saman „Heims um ból“
Orgelleikur: Ingimar Pálsson,
Kynnir: sr. Gunnar Rúnar Matthíasson*

*Að lokinni dagskrá verða veitingar í Safnaðarheimili Háteigskirkju í boði Bergmáls. Fanný Lía lífgar uppá með *White Christmas* og *Have yourself a merry little Christmas*.*